



Útikennsla í ferðapjónustu

Guðrún Svava Viðarsdóttir

Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði

Háskólinn á Hólum

2018

Útikennsla í ferðapjónustu

Guðrún Svava Viðarsdóttir

121070-2949

12 ECTS Lokaritgerð sem hluti af
Baccalaureum Artium gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi

Þuríður Helga Jónasdóttir

Ferðamáladeild

Háskólinn á Hólum

Hólar, apríl 2018

Útikennsla í ferðaþjónustu

Outdoor teaching in tourism

12 ECTS lokaritgerð sem hluti af *Baccalaureum Artium* gráðu í ferðamálafræði

Copyright © 2018 Guðrún Svava Viðarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Ferðamáladeild

Háskólinn á Hólum

Hólar í Hjaltadal

551 Sauðárkrókur

Ísland

Sími: 455-6300

Skráningarupplýsingar:

Guðrún Svava Viðarsdóttir, 2018, *Útikennsla í ferðaþjónustu*, BA ritgerð, Ferðamáladeild,
Háskólinn á Hólum, bls. 42.

Hólar í Hjaltadal, Ísland, apríl 2018

Abstract

The ideology of outdoor teaching as it is taught in elementary school today hasn't been studied much or made use of in tourism. Many activities are offered for a tourist, who is travelling around Iceland but however they tend to be similar in nature and there is a need to offer a greater variety. A new branch within the tourism industry, educational tourism, has become more and more popular. It has some similarities to outdoor education as it is taught here in Iceland. The purpose of this research is to investigate the possibility of transferring the philosophy, knowledge and experience of outdoor education in order to enhance educational tourism. In addition, a comparison is made between these two, relatively different disciplines. An interview was conducted with four people who are involved with outdoor teaching in some way. The insights they provided proved to be very interesting. The interviewees had some valid ideas concerning outdoor teaching as well as some innovative thoughts on activities that could be offered to tourists.

Key words: ideology of outdoor teaching, tourism, educational tourism, activity, tourists.

Útdráttur

Hugmyndafræði útikennslu eins og hún er kennd í grunnskólum í dag hefur ekki verið mikið rannsökuð eða notuð í ferðaþjónustu. Mikið er í boði af afþreyingu fyrir ferðamanninn sem sækir landið heim en hún er oft einsleit og er þörf fyrir meiri og öðruvísi afþreyingu. Ný grein innan ferðaþjónustunnar, menntunartengd ferðaþjónusta, hefur verið að ryðja sér til rúms, er hún í anda útikennslunnar eins og hún er kennd hér á landi í dag. Með þessari rannsókn var verið að skoða hvort hægt væri að færa hugmyndafræði útikennslunnar inni í ferðaþjónustuna sem og að bera hana saman við ferðaþjónustuna en mikill munur er á þessum tveimur fræðum. Viðtöl voru tekin við fjóra aðila sem tengjast útikennslu með einhverjum hætti og voru þau afar áhugaverð. Viðmælendurnir voru með ákveðnar hugmyndir um framkvæmd útikennslu og einnig góð dæmi um hvernig afþreyingu væri hægt að bjóða upp á.

Lykilorð: hugmyndafræði útikennslu, ferðaþjónusta, menntunartengd ferðaþjónusta, afþreying, ferðamenn.

Þakkarorð

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því ég hóf nám mitt við ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Nú við lok þessa náms og ritun þessarar ritgerðar langar mig að þakka sonum mínum sérstaklega fyrir alla þolinmæðina sem þeir hafa sýnt mér öll þessi ár og sérstaklega síðustu mánuði á meðan að vinnu minni við þessa ritgerð hefur staðið yfir. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað mig við að koma þessari ritgerð á koppinn. Viðmælendum mínum fyrir að hafa gefið sér tíma til að taka þátt, sambýlismanni fyrir þolinmæði og stuðning þegar þörf var á, samkennurum mínum og Pamala Hansford fyrir hennar aðstoð við enska hlutann af útdrættinum.

Helga Davíðsdóttir fær þúsund þakkir fyrir alla aðstoðina við skrif þessarar ritgerð en án hennar hefði ég ekki getað þetta. Sara Líf Magnúsdóttir fær innilegar þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar um það sem mætti betur fara í þessari ritgerð. Leiðbeinandi minn, Þuríður Helga Jónasdóttir og Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri ferðamálabrautar fá miklar þakkir fyrir alla aðstoð, góð innlegg og þolinmæði. Allir hinir sem ég hef vanrækt síðastliðna mánuði fá þakkir fyrir að vera enn til staðar þrátt fyrir vanrækslu.

Efnisyfirlit

Myndayfirlit.....	xi
1. Inngangur	1
2. Fræðin.....	3
2.1 Útikennsla	3
2.2 Útikennsla á Íslandi	6
2.3 Menntunartengd ferðaþjónusta	7
2.4 Útifræðsla (e. outdoor exploration) í þjóðgörðum í Bandaríkjunum	8
2.5 Ferðaþjónusta á Íslandi	9
2.6 Ferðamenn sem heimsækja Ísland	10
2.7 Fjölskyldur með börn.....	10
3. Rannsóknaraðferð.....	12
3.1 Eigindlegar rannsóknir.....	12
3.2 Grunduð kenning (e. grounded theory).....	12
3.3 Framkvæmd rannsóknarinnar	13
3.4 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar.....	14
3.5 Viðmælendur	15
3.6 Siðfræðin.....	16
4. Niðurstöður:	17
4.1 Reynsla viðmælenda	17
4.2 Útikennsla og ferðamenn	18
4.3 Hugmyndir viðmælenda	19
5. Umræður.....	20
5.1 Tillögur, mikilvægi og takmarkanir	22
5.2 Hugmyndafræði útikennslu gagnvart ferðaþjónustu.....	23

6. Lokaorð	25
7. Heimildir	27
8. Viðauki 1	30

Myndayfirlit

Mynd 1: Gilbertsson, K. o.fl. (2006). *Outdoor Education: methods and strategies*. Champaign, IL: Human Kinetics.

Mynd 2: Gilbertsson, K. o.fl. (2006). *Outdoor Education: methods and strategies*. Champaign, IL: Human Kinetics.

Mynd 3: Abubakar, A.M., Schneikat, B.H.T. og Oday, A. (2014). Motivational factors for educational tourism: A case study in Northern Cyprus. *Tourism Management Perspectives*, 11. 58-62. <https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.04.002>

1. Inngangur

Útikennsla er orð sem ég heyrði fyrst þegar ég byrjaði að kenna í grunnskóla fyrir tæpum 16 árum síðan. Í byrjun var ég ekkert hrifin af hugmyndinni, það hljómaði ekki spennandi að kenna úti. Kennslustundin færð út og hvað svo? Á þeim tíma kenndi ég textílmennt og það virtist ekki vera fag sem hægt væri að tengja við útikennslu. Engar skýrar skilgreiningar voru komnar fram um það hvað útikennsla væri. Í náttúrufræðihluta Aðalnámskrá grunnskóla (1999:12) var nefnt að flytja ætti kennslu að einhverju leiti út fyrir veggi skólans. Útikennslan var ný námsgrein svo búa varð til námsvísa svo hægt væri að framkvæma kennsluna. Kennslan hefur verið framkvæmd með tvenns konar móti, annars vegar er bóklega námið flutt út og hins vegar er unnið með það sem finnst í náttúrunni. Hægt er að flytja fög eins og stærðfræði út úr skólastofunni. Umhverfisbreytingin gæti þá bæði hjálpað þeim sem eiga erfitt með að einbeita sér innan kennslustofunnar við að sjá námið með nýjum augum, ásamt því að það er hægt að nýta umhverfið í námið með því að telja bíla, mæla flatarmál leikvalla og annað slíkt. Hinn útikennslumöguleikinn er að fara með nemendur út í hraun eða skóg og kenna þeim að umgangast náttúruna með virðingu.

Fyrir tveimur árum síðan hóf ég störf í grunnskóla sem skilgreinir sig sem útikennsluskóli. Síðan þá hef ég hefur áhugi minn á útikennslu aukist gríðarlega og í dag eru mánudagar, útikennsludagarnir, upphalds kennsludagarnir mínir. Í dag er engin ein skilgreining á hugtakinu útikennsla eða hugmyndafræði útikennslu en útikennsla er oftast notað yfir það nám sem fer fram utandyra, fjarri hefðbundinni kennslustofu. Hvort sem verið er að kenna hefðbundin fög eins og íslensku eða stærðfræði, eða kenna nemendum að elda úti, skoða skordýr í náttúrunni eða að týna rusl við strendur landsins. Síðastliðinn áratug eða svo hefur útikennsla orðið æ vinsælli í grunnskólum á Íslandi og eru flestir grunnskólar með útikennslu í námskránni sinni. Flestir sem koma að grunnskólanum, hvort sem það eru kennarar, stjórnendur eða foreldrar eru orðnir meðvitaðri um nauðsyn þess að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir í skólum landsins. Áhugavert væri að skoða hvort þessi kennsluaðferð sé bara fyrir leikskóla- og grunnskólanemendur eða hvort hægt sé að nýta hana á öðrum vettvangi.

Í ritgerðinni verður farið yfir hvort og þá hvernig hægt sé að yfirfæra hugmyndafræði útikennslu yfir í ferðaþjónustuna og nýta hana í fræðslutengda ferðaþjónustu fyrir ferðamenn sem heimsækja Ísland. Litið verður á hvernig hægt er að nýta náttúruna til þess að læra eitthvað nýtt, til þess að vinna saman og eyða tíma með fjölskyldunni. Einnig verða þjóðgarðar í Bandaríkjunum skoðaðir með tilliti til útifræðslu hjá þeim sem og ný grein sem er að ryðja sér til rúms innan ferðaþjónustunnar, menntunartengd ferðaþjónusta. Í heimi þar sem allir eru uppteknir, þegar tölvur, farsímar og samfélagsmiðlar taka upp stóran hluta af lífi einstaklings er nauðsynlegt að hafa stað til þess að gleyma sér á og taka sér frí frá hversdagsleikanum. Útivera getur verið ein leið til þess að gleyma okkur. Að njóta náttúrunnar, að læra nýja hluti og að gera það með fjölskyldunni og/eða vinum er enn betra. Útikennsla eins og hún er framkvæmd í grunnskólum landsins hefur ekki verið mikið notuð í ferðaþjónustu á Íslandi svo af hverju ekki að yfirfæra þekkinguna í ferðaþjónustu? Hún er góð leið fyrir fjölskyldur eða vini á ferðalagi, sem hafa ekki getu eða tíma til þess að fara í langar göngur en langar til að upplifa náttúruna á nýjan hátt.

Með þessari rannsókn er markmiðið að finna svör við spurningunni „hvort, og þá hvernig, hægt sé að yfirfæra hugmyndafræði útikennslu yfir í ferðaþjónustu?“

2. Fræðin

Í þessum kafla verður fjallað um hugmyndafræði útikennslu, ferðaþjónustu og útikennslu/útifræðslu (e. outdoor exploration) í þjóðgörðum í Bandaríkjunum en þeir hafa verið með útifræðslu til fjölda ára. Einnig verður kannað hverjir það eru sem heimsækja Ísland.

2.1 Útikennsla


Hugmyndafræði útikennslunnar er talin eiga rætur sínar að rekja til fyrri hluta tuttugustu aldarinnar þegar dagleg vinna með takmarkaðan efnivið og vanþróuð áhöld kröfðust útsjónarsemi og líkamlegrar áreynslu. Eldra fólkið kenndi því yngra bæði með því að segja frá og einnig að takast á við ýmis konar verkefni við raunaðstæður án aðstoðar þeirra eldri (Odberg, 2010).

Útikennsla er skilgreind á margan og misjafnan hátt. Priest (Gilbertson o.fl, 2006) lýsti útikennslu sem regnhlíf sem inniheldur alls konar kennslu um náttúruna og nær regnhlífin yfir ævintýrakennslu sem og umhverfiskennslu. Hún:

1. Er aðferð til að læra
2. Er reynslunám (e. experiential)
3. Á sér aðallega stað utandyra
4. Krefst þess að öll skynfæri sé notuð (sé heilstæð)
5. Byggist á þverfaglegri námskrá
6. Fjallar um sambönd fólks og náttúruauðlinda

Í þessu samhengi snýst útikennslan til dæmis um að mæla hæð Himalajafjalla, að fara með skólakrakka út til að læra eða einfaldlega að skoða fuglana út um svefnherbergisgluggann (Gilbertson o.fl, 2006). Mynd 1 sýnir hvernig þessi atriði skarast.

Þegar talað er um útikennsluna sem aðferð til að læra þá er áherslan almennt lögð á þrjú meginatriði: vistfræðileg sambönd, þróun líkamlegrar færni og mannleg tengsl. Með vistfræðilegum samböndum er átt við að það sé gott að þekkja nokkur hugtök úr náttúrunni sem og að þekkja samspil lífvera við umhverfi sitt og hver við aðra (Gilbertson o.fl, 2006). Einnig er gott að þjálfa



Mynd 1 sýnir hvernig nám útikennslu skarast

líkamlega færni úti í náttúrunni ásamt því að kunna að klæða sig eftir veðri og að líða vel utandyra. Margir hverjir sem eltast við að læra úti eru ekkert endilega að sækjast eftir því að læra um vistfræðileg sambönd eða að ná ákveðinni líkamlegri færni heldur eru þeir að leitast eftir því að finna sjálfan sig og hvernig þeir takast á við það að vera í hóp (Gilbertson o.fl, 2006). Með því að tengja fræðileg hugtök útikennslu við raunverulegar aðstæður þá eiga nemendur auðveldara með að taka til sín það sem verið er að kenna. Það eitt að ganga með fram lækjum og ám sem enda í fossum og virkjunum er hægt að nota til að útskýra vatnsnýtingu og rafmagnsframleiðslu fyrir nemendum.


Þegar kemur að reynslunámi þá telja margir, nemendur og leiðbeinendur, að æskilegast sé að sú kennsla fari fram úti og að hún sé bein reynsla eða upplifun (e. direct experience). Þátttakendur fá að læra um náttúruna frá eigin hendi og upplifa það sem lagt er fyrir (Gilbertson o.fl, 2006). Í grein Brendtro og Strother (2007) er rætt um reynslunám sem áskorun til þess að takast á við vandamál sem og að þróa styrk og seiglu, en upphafsmaður reynslunámsins (e. learning by doing) John Dewey telur að maður hugsí einungis þegar maður standi frammi fyrir vandamálinu.

Ef reynslan af útikennslu á að skila árangri þá er gott að nota öll skynfærin og finna fyrir áferð, lykt, sjón, hljóði og bragði. Fæst það með því að finna til dæmis fyrir áferðinni á trjánum, lyktinni af krömdum laufblöðum, litum vorsins, söng fuglanna og bragðinu af fræunum. Með því fá nemendur tækifæri til þess að upplifa náttúruna á annan hátt en ef þeir færu einungis út í náttúruna án þess að nota skynfærin sín (Auer, 2008). Þegar kemur að því að setja útikennslu inn

í námskrár í skólum þá þarf að passa upp á að útikennslan fari þvert á öll þau fög sem þar eru kennd. Námskráranar eiga að stuðla að þróun í útikennslu þar sem kennsla utandyra sem og innandyra geta fullkomnað hvor aðra. Með þeim getur líkamleg atgervi sameinast fræðunum og nemendur geta deilt námsferli sínum með öðrum (Outdoor teaching, 2015). Skrifað er á heimasíðu Outdoor Teaching (2015) uppeldisfræðingar framtíðar – opnið dyrnar og farið út! (e. The futures pedagogy – open the door and go out!).

Síðasta atriðið sem Priest (Gilbertson o.fl, 2006) telur vera eitt sex aðalatriða í útikennslu eru sambönd fólks og náttúruauðlinda. Christopher McCormack (2017) telur að nútíma líf sé að fjarlægjast náttúruna. Fólk eyði minni tíma utandyra og þessum mínútum sem eytt sé utandyra er ekki eytt úti í náttúrunni. Til að tengja saman fólk og náttúru þá þarf samfélagið að vernda og viðurkenna umhverfið og líffræðilega fjölbreytileika þess. Aðeins þegar fólki fer að þykja vænt um náttúruna þá fer það að tengjast henni (McCormack, 2017). Með því að eyða meiri tíma úti í náttúrunni þá getur það leitt til þess að heilsa fólks og vellíðan verði betri. Tilfinningaleg tengsl skipta meira máli en vitrænn skilningur þegar kemur að hlúa að, eða leita að reynslu í náttúrunni (McCormack, 2017). Útikennsla er ekki eingöngu vettvangur þar sem nemendur læra staðreyndir um náttúrulegt umhverfi heldur er það vettvangur þar sem nemendur geta rannsakað þekkingu á borð við samskiptahæfni, persónulega ábyrgð og siðferðilegan hegðun (Gilbertson o.fl, 2006).

Þegar kennsluáðferð útikennslunnar er skoðuð þá er reynslan fjölpætt, hún á sér oftast stað utandyra og hún notar samþætta nálgun til þess að læra með þátttöku náttúrunnar, samfélagsins og einstökum svæðum. Með útiveru og útikennslu er leitast við að bæta líkamlegt, tilfinningalegt, vitrænt, félagslegt og andlegt stig



Mynd 2. Útikennslutrú Priest.

einstaklingsins. Það er því samsetningin að læra í og í gegnum náttúruna sem skilgreinir útikennslu (Gilbertson o.fl, 2006).

Útikennslutré Priest, mynd 2, (Gilbertson o.fl, 2006) um stig umhverfisnáms sýnir vel hvernig útikennsla hefur áhrif á marga þætti meðal annars mannleg tengsl (e. intrapersonal relationship), umhverfismennt, upplifunarnám og ævintýrakennslu.

Þó formleg útikennsla sé tiltölulega nýtt fyrirbæri þá nær saga hennar aftur til ársins 1861 þegar Frederick William Gunn stofnaði fyrstu skipulögðu búðirnar „The Gunnery Camp for Boys“ (Gilbertson o.fl, 2006). Herra Gunn er viðurkenndur sem faðir skipulagðra búða og er jafnframt fyrsti skráði kennarinn sem býður upp á kennslu og reynslu í tjaldbúðum fyrir börn í Bandaríkjunum (Gilbertson o.fl, 2006).

Einn af fyrstu talsmönnum fyrir útikennslu eins og við þekkjum hana í dag var L. B. Sharp. Hann taldi að það sem væri best að kenna inni í kennslustofunni ætti að vera kennt þar en það sem hægt væri að læra með reynslu og upplifun skyldi vera kennt utan skólans (Gilbertson o.fl, 2006). Útikennslunni hefur verið lýst sem stað - náttúrulegt umhverfi (e. natural environment), viðfangsefni - vistfræðilegt ferli (e. ecological processes) og ástæðu – auðlindastjórnun (e. resource stewardship) (Gilbertson o.fl, 2006).

2.2 Útikennsla á Íslandi

Orðið útikennsla kom í fyrsta skipti fram í Aðalnámskrá grunnskóla á Íslandi árið 1999. Þá var hún tengd við náttúrufræðikennslu. Ekki var nein nánari skilgreining á útikennslu önnur en sú að það ætti að flytja kennsluna út fyrir vegg skólans (Menntamálaráðuneyti, 1999), síðan þá hefur hún orðið viðameiri þáttur í kennslu í grunnskólum. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 er talað um að með útikennslu sé hægt að nýta öll skynfæri með því að tengja saman hreyfipjálfun og hina ýmsu þætti námssviða. Með því að stunda útiveru í náttúrulegu umhverfi þá læra nemendur að skilja, virða og þekkja náttúruna sem og nærumhverfi sitt hvort sem það er náttúrulegt eða manngert. Einnig læra þeir að klæða sig eftir veðri og búa sig fyrir ferðir með því að skipuleggja sig, stjórna og rata (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar um áhrif útikennslu á börn á Íslandi. Ein slík var gerð á árunum 2002 til 2004, en það var þróunarverkefni í leikskólanum Álheimum á Selfossi um „Að leika og læra í náttúrunni“ (Kristín Norðdahl, 2005). Í verkefninu voru reglulegar ferðir barnanna út í skóg skoðaðar og greining unnin

út frá því. Það sem skoðað var voru samskipti barnanna í skógarferðum, áhrif skógarferðanna á sköpunargleði og hugmyndaflug barnanna og áhrif á nám barnanna um umhverfi og náttúru. Greiningin sýndi fram á að náttúrulegt umhverfi hafði jákvæð áhrif á líðan, þroska og nám barnanna (Kristín Norðdahl, 2005). Skógrækt Ríkisins (á.á.) fór af stað með verkefni árið 2012 sem heitir „Lesið í skóginn“. Markmiðið með því verkefni var að fræða þátttakendur um skóginn með því að fara í skoðunarferðir um hann og kynnst honum betur. Verkefninu var skipt í tvö námskeið, annars vegar námskeið sem heitir „Lesið í skóginn – tálgað í tré“ og hins vegar „Lesið í skóginn með skólum.“ Með þessum verkefnum var verið að efla vitund og þekkingu á gildi skógarins fyrir manninn, söguna, náttúruna og menninguna sem og efnahag og samfélag þjóðarinnar (Skógrækt Ríkisins, á.á.). Verkefnið var skilgreint sem þróunarverkefni og litið er svo á að það sé ennþá í þróun þrátt fyrir að aðferðir og áherslur hafi breyst og mikil þekking og reynsla hafi orðið til með verkefninu gagnvart vinnu í skógarumhverfi og skipulagi útináms (Skógrækt Ríkisins, á.á.).


2.3 Menntunartengd ferðaþjónusta

Ný grein innan ferðaþjónustunnar, menntunartengd ferðaþjónusta (e. educational tourism) hefur verið að ryðja sér til rúms í heiminum undanfarin ár. Samkvæmt fræðimönnum þá hefur nýja greinin breytt hugmyndinni um ferðaþjónustu og er nám meginmarkmiðið. Með öðrum orðum er aðaltilgangurinn af ferðalaginu að öðlast þekkingu og reynslu á ákveðnu efni frekar en að ferðast (Bairathi, 2015). Eins og með önnur hugtök í þessari rannsókn þá er engin ein skilgreining á hugtakinu. McGladdery og Lubbe (2017) skilgreina hugtakið sem ferli á ferðalagi til þess að læra og útskýra hvernig árangursríkt nám fer fram. Pitman og fleiri (McGladdery og Lubbe, 2017) skipta menntunartengdri ferðaþjónustu í þrjá lykilþætti:

- Áhersla er lögð á menntun í ferðinni
- Nám er reynsla
- Ferðin er byggð á námskrá

Með þessu er menntunartengdri ferðaþjónustu lýst sem námi sem felur í sér skýra og vísvitandi námsreynslu (McGladdery og Lubbe, 2017).

Innan menntunartengdrar ferðapjónustu er talað um „náms ferðamenn“ (e. educational tourist) en samkvæmt WTO eru náms ferðamenn einstaklingar eða hópur sem ferðast til staða sem eru ekki innan þeirra umhverfis, þeir eru þar að lágmarki í 24 klukkustundir en ekki lengur en í ár. Tilgangurinn er að læra, stunda viðskipti, tómstundir eða aðra afþreyingu (Abubakar, Schneikat og Oday, 2014). Mynd 3 sýnir hvernig ferðapjónusta og menntun skerast svo úr verður ný grein innan ferðapjónustunnar, menntunartengd ferðapjónusta.



Mynd 3. Menntunartengd ferðapjónusta

2.4 Útifræðsla (e. outdoor exploration) í þjóðgörðum í Bandaríkjunum

Fyrir tæpum 150 árum síðan, eða árið 1872, var fyrsti bandaríski þjóðgarðurinn, Yellowstone, stofnaður. Frá stofnun hans hafa um það bil 400 þjóðgarðar verið stofnaðir í viðbót (Gross, Poor, Sipos og Solymossy, 2009). Á hverju ári heimsækja um það bil 330 milljónir ferðamanna þjóðgarðana (NPS, á.á.). Vísindamenn, umhverfissinnar og landverðir starfa saman við að vernda þjóðgarðanna, sem þjónusta núverandi og tilvonandi ferðamenn, nú og í framtíðinni Upphaflega var litið á garðana sem minnisvarða eða sem náttúruleg söfn, en á árunum 1920 til 1960 var ferðapjónustan vel auglýst og þá frekar með viðskiptahugmyndir í huga en ferðapjónustu (Gross, Poor, Sipos og Solymossy, 2009). Í dag bjóða landverðir í þjóðgörðum Bandaríkjanna upp á útifræðslu og fyrir marga ferðamenn sem heimsækja garðana er þátttaka í þess háttar kennslu hápunktur reynslu þeirra af gördunum (Wong og Higgins, 2010). Með fræðslunni í gördunum er lögð áhersla á náttúrulega og menningarlega sögu svæðisins, til dæmis með jarðfræði, dýralífi og sögulegum viðburðum (Wong og Higgins, 2010). Í Yellowstone er til að mynda boðið upp á gönguferðir með leiðsögumanni þar sem gengið er í heimspekktu, stórkostlegu landslagi. Fyrir þá sem eiga erfiðara um gang er hægt að fá „GyPSy“ leiðsöguforrit í bílinn, sem gefur ferðamönnum kost á sínum eigin leiðsögumanni, sem segir frá áhugaverðum og skemmtilegum stöðum í þjóðgarðinum (Yellowstone, 2018). Áhersla er lögð á að bjóða nemendur á ákveðnum aldri í

heimsóknir í garðana til þess að tengja þau betur við náttúruna og vísindin (National Park Foundation, á.á.a). Ýmislegt er í boði fyrir ferðamanninn í þjóðgördunum í Bandaríkjunum hvort sem það er með leiðsögn eða án. Hægt er að skoða heimasíðu garðanna og geta ferðamenn auðveldlega fundið út allt sem er í boði.

2.5 Ferðaþjónusta á Íslandi

Ferðaþjónusta á Íslandi á sér ekki langa sögu en ferðalög hingað til lands fóru fyrst að verða tíðari á seinni hluta 18. aldar. Ferðamennirnir sem komu hingað til lands voru aðallega vísindamenn eða landkönnuðir en einstök jarðfræði var það sem dró þá hingað. (Óskar Þór Óskarsson, 2014). Frá seinni hluta 18. aldar hefur ferðaþjónusta á Íslandi vaxið hægt og rólega, þangað til árið 2011 en þá fór fjöldinn að vaxa gríðarlega. Árið 2011 heimsóttu 565.611 ferðamenn Ísland en árið 2016 var fjöldinn kominn upp í 1.792.201 (Ferðamálastofa, á.á.a). Afþreyingin í ferðaþjónustu hér á landi er ýmis konar og er skilgreiningin á henni margþætt eins og á hugtökunum ferðaþjónusta og útikennsla. Samkvæmt skýrslu nefndar samgönguráðherra um leyfisveitingar og öryggisreglur í afþreyingarferðaþjónustu (2004) þá er afþreying í ferðaþjónustu skilgreind á þennan hátt. 3. gr „Með afþreyingu í ferðaþjónustu er átt við þátttöku almennings í útivist, áhættu, skemmtun, menningu og/eða fræðslu. Afþreying getur verið rekin af þjónustuaðila gegn greiðslu þátttakenda eða aðstaða til að njóta hennar án þess að bein greiðsla komi fyrir.“ Einnig stendur í 4. gr. „Skipulagðar afþreyingarferðir er þegar einstaklingur og lögaðilar selja lengri og skemmri ferðir með fyrirfram ákveðnum brottfarartíma, flutningsmáta og leiðsögn. Valfrjáls afþreying er þegar fyrirtæki selur afþreyingu, sem almenningur sjálfur stjórnar án sérstakrar leiðsagnar.“ Afþreying getur til dæmis verið:

- Ferðir með hópferðabílum
- Gönguferðir
- Hestaferðir
- Kajakferðir
- Ævintýraferðir með sérútbúnum bílum

Til þess að afþreyingin eigi sér stað þá þarf landið ferðamenn sem vilja taka þátt í henni. Hugtakið ferðamaður er skilgreindur sem „maður sem ferðast“ (Íslensk orðabók, 2002). Í ritinu Stefnumótun

í ferðaþjónustu frá árinu 1996, sem Samgönguráðuneytið gaf út þá er skilgreiningin á orðinu ferðamaður: „Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.“ (Samgönguráðuneytið, 1996).

2.6 Ferðamenn sem heimsækja Ísland

Þegar rýnt er í tölur um komu ferðamanna til Íslands þá kemur í ljós að ferðamenn frá Norður-Ameríku er fjölmennasti hópurinn. Sumarið 2016 voru þeir um 30,8% af þeim ferðamönnum sem heimsóttu landið. Næst á eftir komu Þjóðverjar og í þriðja sæti voru Frakkar. Ferðamennirnir voru flestir á aldrinum 25 til 34 ára og var kvenfólk í meirihluta eða um 58,5%. Tæplega 11% af ferðamönnum voru fjölskyldufólk með börn undir 18 ára aldri. Flestir þeirra eru háskólamenntaðir eða í námi. Margir ferðamenn gistu á tjaldstæðum eða um 35,4% og af þeim gistu 82% frá fimm til fimmtán nætur í tjöldum (Ferðamálastofa, á.á.b). Í könnun sem Ferðamálastofa (á.á.b) gerði sumarið 2016 kom í ljós að íslensk náttúra (e. nature/country) væri helsta ástæða og aðdráttarafl heimsóknar ferðamanna til landsins og voru 90,9% þeirra að koma í frí. Jarðhitasundlaugarnar höfðu mikið aðdráttarafl fyrir ferðamanninn ásamt hvalaskoðun og náttúrulegum. Flestir ferðamenn, eða um 68%, voru ánægðir með náttúrutengda afþreyingu (e. nature based activities) á Íslandi og voru 86% þeirra ánægðir með þá reynslu sem þeir fengu út úr afþreyingunni. Flestir sem koma hingað ferðuðust á eigin vegum eða um 89% (Ferðamálastofa, á.á.b).

2.7 Fjölskyldur með börn

Í fyrirnefndri könnun sem Ferðamálastofa (á.á.b) gerði sumarið 2016 kom fram að tæplega 11% af ferðamönnum sem komu til landsins voru fjölskyldur með börn undir 18 ára aldri. Ekki var skoðað hvort þetta voru hjón með börn undir 18 ára aldri eða einhleypir með börn undir 18 ára aldri en í dag búa 320 milljón barna með einstæðum foreldrum (Chamie, 2018).

Ýmislegt er í boði fyrir barnafjölskyldur sem ferðast um Ísland og eru markaðsstofur landshlutanna duglegar að auglýsa það sem þeir bjóða upp á. Til að mynda býður Markaðsstofa Vesturlands upp á margs konar afþreyingu fyrir börn, sem dæmi má nefna, sundlaugar, hestaferðir, sanda sem gaman er að ganga um og garðar þar sem ýmislegt er að finna (Markaðsstofa

Vesturlands, á.á.). Svipaða afþreyingu er að finna á öðrum stöðum á landinu. Þegar skoðað er hvort boðið er upp á sérstaka afþreyingu fyrir einhleypa ferðamenn með börn þá finnst ekkert slíkt. Ferðaskrifstofur bjóða ekki mikið upp á ferðir fyrir þann hóp en að því komst Davies (2017) þegar hún kannaði ferðaskrifstofur í Bretlandi. Um 77% ferðaskrifstofa þar í landi hugsa ekki fyrir ferðum fyrir einhleypa með börn. Í grein Gardner (1996), um einhleypa foreldra á ferðalagi með börn og hvernig áhugamál barnanna blandast þeirra eigin, skoðar hann hvernig þeim tekst að sameina þetta á ferðalögum. Erfitt sé að finna það sem henti báðum og getur það verið flókið. Fyrir marga einhleypa með börn eru skipulagaðar ferðir það sem þeir eru að leita að. Þá geta foreldrarnir spjallað saman á kvöldin, deilt húsum og börnin hafa önnur börn til þess að leika við (Gardner, 1996).

3. Rannsóknaraðferð

Í þessum kafla verða eigindlegar rannsóknaraðferðir og aðferðir, grundaðrar kenningar (e. grounded theory), útskýrðar og siðfræðilegir þættir rannsóknarinnar ræddir. Einnig verða viðmælendur þessarar rannsóknar kynntir.

3.1 Eigindlegar rannsóknir

Í þessari ritgerð er stuðst við eigindlegar aðferðir. Eigindleg rannsóknaraðferð hefur ekki alhæfingargildi en hún leyfir okkur að grafa dýpra í reynslu fólks. Aðferðina má rekja til kenninga og hugmynda þar sem einstaklingurinn er gerður virkur í túlkun sinni á veruleikanum. Afla þarf gagna um fólk til þess að útskýra athafnir þess og reynslu og beinast eigindlegar rannsóknir að því að afla gagna um það hvernig fólk túlkar aðstæður sínar og umhverfi (Jón Gunnar Bernburg, 2005). „Við vitum ekki fyrirfram hvað við gætum hugsanlega fundið“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2013) en ef við notum eigindlega aðferð við þessa rannsókn þá gætum við mögulega fundið eitthvað nýtt og spennandi. Í eigindlegum aðferðum er rannsakandinn aðalrannsóknartækið, en með gögnunum sem hann aflar öðlast hann skilning á rannsóknarefninu (Nanna Guðmundsdóttir, 2016).

3.2 Grunduð kenning (e. grounded theory)

Grunduð kenning (e. grounded-theory) var einnig notuð í þessari rannsókn en hún saman stendur af greiningu og söfnun á gögnum. Það þýðir að þróun og greining kenninga gerist eftir að gögnum hefur verið safnað. Þessi aðferð er ekki eingöngu notuð við eigindlegar rannsóknir heldur hentar einnig öðrum aðferðum (Statistic How To, 2018). Þegar grunduð kenning er notuð þá verður að fylgja eftirfarandi aðferðum:

- Að taka viðtöl við þátttakendur með hálf-opnum/opnum spurningum.
- Að fylgjast með þátttakendum og/eða áhersluhópum.
- Að rannsaka gögn og texta (Statistic How To, 2018).

Þegar byrjað er að nota grundaða kenningu þá þarf að:

- Þekkja áhugasvæðið.
- Forðast fyrirfram ákveðna kenningar og einbeita sér aðeins að gögnunum.
- Nota fræðilega næmni og að vera meðvitaður um hárfín skilaboð og merkingu í gögnunum (Statistic How To, 2018).

Gagnasöfnun grundaðrar kenningar hentaði þessari rannsókn vel; viðtöl, vettvangsvinna og að vinna úr gögnum og texta. Með þessari aðferð og viðtölum við aðila með góða þekkingu og reynslu á útikennslu og/eða ferðapjónustu þá gæti það hjálpað til við að svara spurningunni hvort og hvernig hægt sé að nota hugmyndafræði útikennslu í ferðapjónustu.

3.3 Framkvæmd rannsóknarinnar

Grunduð kenning (e. grounded theory) sem notuð var í þessari rannsókn leiðbeinir rannsakendum sem nota, meðal annars, eiginlega aðferð hvernig á að safna og greina gögn (Lune og Berg, 2017). Við upphaf þessarar rannsóknar var reynt að forðast fyrirframgreindar kenningar og var fræðileg næmni frekar notuð. Áhugasvæði rannsakanda er útikennsla og er það áhugasvæði nýtt í þessari rannsókn. Eftir langa íhugun um það hvernig hægt væri að tengja hugmyndafræði útikennslu við ferðapjónustu var rannsóknarspurningin búin til og efnið sem leggja átti áherslu á tekið saman. Spurningar voru samdar og viðmælendur sem taldir voru henta þessari rannsókn fundnir. Ákveðið var að tala við fólk bæði úr skólaumhverfinu sem og úr ferðapjónustunni. Með því að nota grundaða kenningu þá var hægt að notað hálf-opnar spurningar í viðtölunum. Með hálf-opnum spurningum er átt við að:

- Hálf-opnar spurningar eru meira og minna fyrirfram ákveðnar.
- Það þarf ekki að spyrja spurninganna í fyrirfram ákveðinni röð.
- Hægt er að orða spurningarnar öðruvísi en ætlað var.
- Breyta má tungumálinu ef þörf er á.
- Spyrjandinn má svara spurningum frá viðmælanda og útskýra betur ef þörf er á.
- Spyrjandinn getur bætt við spurningum eða sleppt spurningum á milli viðtala ef það hentar (Lune og Berg, 2017).

Þessi aðferð hentaði mjög vel þar sem það gerði rannsakanda kleift að kafa dýpra í efnið og spyrja frekari spurninga ef viðmælandinn kom inn á áhugavert efni sem rannsakandi vildi fá nánari upplýsingar um. Eftir að hafa fengið svörin sem óskað var eftir þá var aftur farið í fyrirfram ákveðnu spurningarnar.

3.4 Styrkleikar og veikleikar rannsóknarinnar

Viðtal getur einfaldlega verið skilgreint sem samtali með tilgang. Sérstaklega, ef tilgangur rannsóknarinnar er að safna upplýsingum. Rannsakandinn spyr spurninga, viðmælandinn bregst við og kemur með svarið. Hvað gæti verið auðveldara? (Lune og Berg, 2017).

Við gerð þessarar ritgerðar var notast við eiginlega rannsókn og aðferðarfræði grundaðrar kenningar (e. grounded theory). Viðtöl voru tekin við fjórar konur með það í huga að fá sem fjölbreyttasta yfirsýn yfir efnið sem verið væri að rannsaka. Viðmælendurnir voru valdir með það í huga að þeir tengdust útikennslu og/eða ferðaþjónustu á einn eða annan hátt og reyndist auðsótt að fá þær til að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin gengu vel en áberandi var að þær sem starfa innan ferðaþjónustunnar höfðu meira um tengingu útikennslunnar og ferðaþjónustuna að segja en þær sem eingöngu starfa í skólaumhverfinu. Aðferðin hentaði vel þar sem hægt var að fara út fyrir spurningarrammann en viðmælendur voru oft beðnir um að útskýra nánar það sem þeir voru að tala um. Kom það fyrir að spyrjandi svaraði spurningum frá viðmælendum og útskýrði betur efnið sem verið var að ræða.

Kosturinn við viðtölin er sá að viðmælandinn getur sagt hvað hann er að hugsa og hvað honum finnst um efnið sem verið er að spyrja hann um. Hann getur sagt frá því hvað hann gerði í fortíðinni og hvað hann ætlar að gera í framtíðinni, þó að hvorugt verði nákvæmt. Einnig getur hann sagt frá því af hverju hann gerir það sem hann er að gera. Flestir viðmælendur eru heiðarlegir í svörum sínum, það eru til undantekningar en fæstir segja ósatt. Viðmælendur vilja að það sé hlustað á þá og það sem þeir segja sé skilið (Lune og Berg, 2017).

Ókostir við þessa aðferð er sá að það eru hlutir sem fólk vill ekki deila með öðrum. Það er engan vegin hægt að vita hvenær viðmælandi heldur aftur af sér en það þýðir samt ekki að viðtalið sé ekki rétt en stundum er það ófullnægjandi (Lune og Berg, 2017). Einnig gæti komið upp sú staða að viðmælendur hefðu ekki frá mörgu að segja eða að þeir hefðu ekki þá reynslu sem þyrfti innan ferðaþjónustunnar og/eða grunnskólans til að svara spurningunum sem lagðar voru fyrir. Í

þeim tilfellum hefðu viðtölin fyrir rannsóknina verið ómarktæk. Einnig væri það ókostur ef rannsakandi væri búinn að mynda sér fyrirfram ákveðnar skoðanir eða kenningar um viðfangsefnið en það gæti haft neikvæð áhrif á gagnaöflun.

Rannsakandi hefur nokkuð góða tenginu inn í hugmyndafræði útikennslunnar en minni inn í ferðaðþjónustuna. Hann hefur kennt útikennslu í rúm tvö ár, ásamt því að vera farastjóri í göngum á vegum ferðafélagsins Útivistar. Rannsakandi hefur góð tengsl við viðmælendur sína sem er kostur þar sem hann vissi nokkurn veginn að hverju hann væri að ganga þegar kom að viðtölunum. Það sem kom þó á óvart var að hann átti von á meiri upplýsingum frá ákveðnum aðilum sem gerðist ekki. Ókosturinn við rannsóknina er fjöldi og kyn viðmælenda. Með fleiri viðmælendum hefðu mögulega komið fram aðrar upplýsingar, aðilar ekki allir verið sammála og það hefði mátt jafna út kynjahlutföllin með því að taka viðtöl við karlmenn jafnt sem kvenmenn.

3.5 Viðmælendur

Viðmælendur rannsóknarinnar eru fjórar konur á aldrinum 34 ára til 51 árs, þær eru Hildur, Hrafnhildur, Mirjam og Ragnheiður. Hildur og Hrafnhildur koma úr skólaumhverfinu, báðar eru þær grunnskólakennarar og hefur önnur þeirra einnig unnið á leikskóla og er útikennsla hluti af hennar kennslugrein. Hinn grunnskólakennarinn er skáti sem og björgunarsveitarmaður. Hún hefur brennandi áhuga á útikennslu og tekur reglulega að sér útikennslunámskeið á Úlfljótsvatni fyrir bæði kennara og tilvonandi skátaleiðbeinendur. Einnig fer hún reglulega á útikennslunámskeið til að halda sér við, sem hún nýtir síðan í kennslu sinni. Viðtölin við þessar tvær fóru annars vegar fram í heimahúsi og hins vegar á vinnustað viðkomandi. Mirjam og Ragnheiður koma úr ferðaðþjónustuumhverfinu. Önnur þeirra er frá Hollandi, hún er leiðsögumaður og er með sitt eigið fyrirtæki hér á Íslandi. Hún fer bæði í styttri sem lengri ferðir með ferðamenn hvort sem um er að ræða göngur eða rútuferðir. Hin er leiðsögumaður og starfar á sumrin hjá 3H Travel sem fer meðal annars niður í Þríhnúkagíg. Einnig tekur hún að sér gönguleiðsögn hjá Útivist ásamt því að vera sjálfstætt starfandi. Hún hefur verið með útjóna í Reykjavík síðast liðin tíu ár og er þá oftast í Elliðaárdalnum. Viðtölin við leiðsögumennina tvo fóru annars vegar fram á kaffihúsi í Reykjavík og hins vegar í heimahúsi. Viðmælendurnir fjórir hafa ólíkan bakgrunn og með því að taka viðtöl við þær í tengslum við þessa rannsókn vonaðist rannsakandi eftir að fá ólíkar og fjölbreyttar hugmyndir um það hvernig hægt væri að færa hugmyndafræði útikennslu yfir í ferðaðþjónustu. Með

viðtölunum kæmu svo kannski hugmyndir um það hvernig það yrði gert og á hvaða hátt. Eftir að hafa tekið viðtölin voru þau skrifuð upp og byrjað var að greina þau eða „kóða“ eins og gert er þegar grunduð kenning er notuð.

Þegar viðtölin voru „kóðuð“ þá voru þau skoðuð með gagnrýnum augum og ígrundað hvort eitthvað hafi farið fram hjá rannsakanda á meðan á viðtölunum stóð. Merkt var við það sem vakti athygli og borið saman við önnur viðtöl. Svipuð orð, setningar og/eða frasar fundnir og unnið var út frá þeim ásamt því að viðtölin voru skrifuð upp í heild sinni. Eins og fyrr segir þá þekkti rannsakandi til viðkomandi viðmælanda, hann fór á vettvang og fylgdist með útikennslu hjá grunnskólakennurunum og tók þátt í útjóna með öðrum leiðsögumanninum. Með því gafst enn betri yfirsýn yfir þá hugmyndafræði sem viðmælendur nýta sér í útikennslu.

3.6 Siðfræðin

Eigindlegar aðferðir byggja á viðtölum, við þá sem tengjast efninu sem verið er að rannsaka (Lune og Berg, 2017). Áður en viðtölin og vettvangsvinnan fara fram fá viðmælendur í hendurnar pappír þar sem þeir eru upplýstir um það sem rannsóknin fjallar um. Þeir þurfa að veita upplýst samþykki fyrir því að nota megi upplýsingarnar sem þeir gefa í rannsóknina. Með upplýstu samþykki er átt við að ákveðið form er undirritað af viðmælanda og rannsakanda. Rannsakandi upplýsir viðmælanda um hvað rannsóknin snýst og býður upp á nafnleysi í rannsókninni. Skylda er að dagsetja skjalið og er það geymt í þrjú á (Lune og Berg, 2017). Þegar viðkomandi hefur kvittað undir og gefið samþykki sitt þá getur viðtalið hafist. Ef viðmælandinn óskar eftir þá fær hann afrit af samþykkinu.

4. Niðurstöður:

Í þessum kafla verða viðtölin við viðmælendurna fjóra sem þátt tóku í rannsókninni skoðuð og greining unnin út frá því.

4.1 Reynsla viðmælenda

Viðmælendurnir fjórir í þessari rannsókn telja að hugmyndafræði útikennslu eins og hún er kennd í grunnskólum í dag eigi erindi inni í ferðaþjónustuna. Engin þeirra fór í útikennslu þegar þær voru í grunnskóla. Allar fóru í einhvers konar vettvangsferðir, þá ýmist í byrjun eða lok skólaársins. Viðmælendurnir sem bjuggu hér á landi á grunnskólaárum sínum sögðu einnig að ferðirnar hefðu oft verið tengdar veðrinu. Ef kalt var úti og möguleiki að fara á skauta þá var það gert eða ef skíðabrekkurnar voru góðar þá var farið á skíði. Ferðirnar voru oft meira skemmtiferðir en fræðsluferðir. Mirjam taldi sig hafa farið í útikennslu í sínu heimalandi, Hollandi, á sínum grunnskólaárum en það hefði verið frekar frumstætt, aðallega bara verið úti að leika (Mirjam de Waard, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Allar hafa þær á einn eða annan hátt tekið þátt í útikennslu eftir að þær urðu fullorðnar, bæði sem þátttakendur og leiðbeinendur. Ragnheiður hefur, eins og áður var nefnt, verið með útiþjóga í Elliðaárdalnum í 10 ár og Mirjam farið með ferðamenn í margar ferðir um hálendi Íslands sem og farið sjálf með fjölskyldu sína í þjóðgarða í Bandaríkjunum og tekið þátt í þeirri fræðslu sem boðið upp á þar. Hrafnhildur hefur verið með útikennslunámskeið á Úlfjótsvatni fyrir kennara og skáta. Einnig hefur hún verið með útikennslu í grunnskóla í mörg ár og sjálf tekið þátt í fjölda útikennslunámskeiða. Hildur hefur verið með útikennslu í leik- og grunnskólum til fjölda ára. Allar voru þær sammála um að það skemmtilegasta við útikennsluna væri hversu jákvæð áhrif þetta hefði á þá sem væru úti með þeim. Tengslin við náttúruna, hljómurinn úti og undrunarsvipurinn þegar fólk lærir eitthvað nýtt eða eins og Ragnheiður orðaði það „það er bara eitthvað svona magical sem gerist við það að vera úti“ (Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Þegar spurt var hvort útikennsla væri fyrir alla eða hentaði öllum þá töldu allir viðmælendur að hún væri fyrir alla en það þyrfti mögulega að koma til móts við þá sem ættu erfiðara með það, eins og til að mynda hreyfihamlaða. Þrátt fyrir að telja að útikennsla væri fyrir alla, þá verði að hafa í huga þá sem engan áhuga hafa á

útiveru eða hreyfingu, þeir færu hreinlega ekki út. Passa verður upp á að þeir sem taka þátt í útikennslunni verða að vera rétt klæddir, ekki verið hræddir við það að fara út og finna mögulega fyrir smá kulda. Eins og Hildur orðaði það; „þetta er bara spurning um viðhorf“ (Hildur Björg Jónsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Hrafnhildur taldi að útikennsla væri fyrir alla og með því að vera úti „þá ertu bara virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit“ (Hrafnhildur Sigurðardóttir, munnleg heimild, 9. febrúar 2018). Að sama skapi og að útikennslan hentaði flestum þá er einnig hægt að stunda hana hvar sem er; úti í skógi, á bílaplani, á fjöllum, við ána, „það fer eftir viðfangsefninu sem þig langar til að fólkið tileinki sér“ (Hrafnhildur Sigurðardóttir, munnleg heimild, 9. febrúar 2018). Ef viðfangsefnið er útiöldun þá skemmir ekki fyrir að vera á góðu útikennslusvæði sem er með góðri aðstöðu til útiöldunar, sama hvort búið er að hlaða steinum í hring og móta eldstæði eða að vera með gott grill/útipönnur til að vinna á. Ragnheiður telur að það eina sem stoppi mann frá því að finna stað fyrir útikennsluna sé hugmyndaflugið, að maður sé ekki með nógu mikið af því (Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018).

4.2 Útikennsla og ferðamenn

Viðmælendurnir töldu að hugmyndafræði útikennslu eins og við þekkjum hana í dag gæti hentað ferðamönnum sem heimsækja Ísland. Þær gerðu ráð fyrir að ferðamenn myndu taka þátt sér í lagi ef hún ætti sér stað innan höfuðborgarsvæðisins en þar væru margar náttúruperlur sem hægt væri að nýta til útikennslu. Elliðaárdalurinn hefur fossa, fullt af gróðri, mörg rjóður svo eitthvað sé nefnt, svo það væri hægðarleikur að nýta hann. Einnig höfum við Heiðmörk, Hvaleyrarvatn, Búrfellsgjána og fleiri staði sem hægt er að nýta til útikennslu og stutt að fara. Ragnheiður fór á stúfana fyrir ekki svo löngu síðan til að kanna hvort markaður væri fyrir afþreyingu sem þessa. Hún ræddi við starfsfólk tveggja hótela og vildu þeir meina að það vantaði styttri afþreyingu fyrir ferðamenn um miðjan dag og helst innan eða í nálægð við höfuðborgarsvæðið (Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Mirjam taldi að hugmyndin um útikennslu væri góð fyrir fjölskyldur á ferðalagi um Ísland, þær myndu læra eitthvað nýtt og tengjast (Mirjam de Waard, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Sá hópur ferðamanna sem myndi helst taka þátt, að mati allra viðmælenda, er fólk sem hefur gaman af útivist og er kannski í smá ævintýraleit, fjölskyldufólk með börn á aldrinum 5 til 15 ára, göngufólk sem dvelur í tjöldum og nýtur náttúrunnar og „listatýpur“. Mirjam taldi að einstæðir foreldrar sem væru á ferðalagi með börnin

sín væri hópur sem myndi hugsanlega taka þátt. Oft væru þeir einir með tvö til þrjú börn að ferðast og vantaði afþreyingu, þá væri útikennsla eitthvað sem myndi höfða til þeirra, foreldrar og börnin læra og upplifa nýja hluti saman. Hún taldi að það væri vaxandi markaður fyrir einstæða foreldra á ferðalagi með börnin sín (Mirjam de Waard, munnleg heimild, 8. febrúar 2018).

4.3 Hugmyndir viðmælenda

Margar hugmyndir komu fram hjá viðmælendunum um hvers konar afþreyingu væri hægt að bjóða upp á fyrir ferðamenn og er margar af þeim hugmyndum þematengdar. Hrafnhildur talaði um að það væri gaman að tengja saman jólasveinana og jólin þar sem boðið væri upp á 13 stöðvar og hver og einn jólasveinn kynntur á hverri stöð (Hrafnhildur Sigurðardóttir, munnleg heimild, 9. febrúar 2018). Á einni stöðinni gæti Skyrógámur verið kynntur, þar væri hægt að bjóða upp á skyr ásamt því að segja söguna af honum, næsta stöð gæti verið um Bjúgnakræki og hans sögu og svo framvegis með hina jólasveinana. Einnig væri hægt að fara út í náttúruna þar sem hægt væri að týna alls konar grös og plöntur, setja upp nokkrar stöðvar og bjóða upp á útiöldun (Hrafnhildur Sigurðardóttir, munnleg heimild, 9. febrúar 2018). Ragnheiður ræddi um að tengja saman útiþjóna, göngur og jarðfræði til dæmis í Elliðaárdalnum eða jafnvel í Búrfellsgjá (Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Hildur talaði um að reyna að ná til erlendra kennara og vera með útikennslunámskeið fyrir þá en slíkt hefur verið gert í skólanum þar sem hún kennir í (Hildur Björg Jónsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018). Mirjam taldi að „kennsla“ í orðinu útikennsla myndi fæla fólk frá. Börnin væru búin að vera í „kennslu“ allan veturinn, þau væru komin í frí og vildu hreinlega ekki meiri „kennslu“. Jafnvel foreldrarnir tengdu líka orðið „kennsla“ við eitthvað neikvætt. Það væri miklu nær að kalla þetta útikönnun (e. outdoor exploration), útiævintýri eða það sem vekur athygli fólks. „Alls ekki nota orðið kennsla“ (Mirjam de Waard, munnleg heimild, 8. febrúar 2018).

5. Umræður

Í þessum kafla verða viðtölin, sem tekin voru í tengslum við rannsóknina, borin saman við heimildirnar sem aflað var á meðan á rannsókn stóð. Menntunartengd ferðapjónusta og útikennsla í Þjóðgörðunum í Bandaríkjunum verða rædd. Einnig verður farið yfir hverjir það eru sem heimsækja Ísland. Í lok kaflans verður spurningunni sem lagt var upp með í upphafi þessarar rannsóknar svarað.

Þegar viðtölin sem tekin voru í tengslum við þessa rannsókn eru skoðuð og þau borin saman við heimildirnar sem aflað var fyrir þessa rannsókn kom ýmislegt í ljós. Við greiningu viðtalanna komu fram hugmyndir sem vert var að skoða. Má þar nefna einstæða foreldra með börn sem ferðamenn, Þjóðgarðana í Bandaríkjunum og hvernig útikennsla á Íslandi er háttað. Eitt það fyrsta sem kom upp í viðtölunum var upplifun af útikennslu og voru viðmælendur sammála um að hún hefði jákvæð áhrif á alla þá sem tækju þátt. Samræmist það við þróunarverkefni sem Kristín Norðdahl (2005) framkvæmdi á árunum 2002 til 2004 með leikskólabörnum í leikskólanum Álfheimum á Selfossi. Niðurstaðan var sú að útiveran hafði jákvæð áhrif á þroska, líðan og nám barnanna. Það sem veitti viðmælendum ánægju við kennslu utandyra væri þegar þátttakendur tengdust náttúrunni og/eða umhverfinu og tækju eftir því sem og undrunarsvipur þátttakenda við það að læra og uppgötva eitthvað nýtt. Þessar lýsingar samræmast því hvernig Priest (Gilbertson o.fl, 2006) skilgreinir útikennslu. Hann talar um að útikennsla sé aðferð til þess að læra, að hún sé reynslunám, að það þurfi að nýta öll skynfæri og að hún fjalli um sambönd fólks og náttúru.

Viðmælendurnir fjórir töldu að útikennsla eins og hún er framkvæmd í grunnskólum í dag gæti hentað ferðamönnum sem heimsækja Ísland. Mikið er í boði af afþreyingu á Íslandi og allflest ferðirnar eru utan höfuðborgarsvæðisins, sem dæmi mætti nefna skipulagðar ferðir með hópferðabílum, gönguferðir, hvalaskoðanir og jöklaferðir. Einstaka ferðir eru í boði innan höfuðborgarsvæðisins og má þar til dæmis nefna „Draugagöngu um Reykjavík“ (The Reykjavik Haunted Walk, á.á.) en eingöngu er boðið upp á þær ferðir á sumrin og eru þær meira fræðsla en kennsla. Einn viðmælandinn talaði um að ferðapjónustan gleymdi oft að líta sér nærri þegar kæmi að afþreyingu. Það væri fullt af stöðum innan höfuðborgarsvæðisins sem hægt væri að nýta og nefndi hún Elliðaárdalinn sem dæmi. Í Elliðaárdalnum er afar falleg náttúra sem hægt er að nýta til kennslu. Þar eru fallegir fossar, mikil jarðfræði og sæmilega stór skógur sem hægt væri að fræða

ferðamenn um. Í skóginum væri hægt að blanda saman fræðslu um skóginn og jafnvel kenna ferðamönnum að þekkja hinar ýmsu plöntur sem og að fara í útjóna. Með því að sameina þetta þá erum við:

- að kynna vistfræðileg sambönd – kenna ferðamönnum á náttúruna
- að þróa líkamlega færni – með útjóna
- að kenna fólki á mannleg tengsl – hvernig er að vera og vinna í hóp (Gilbertson o.fl, 2006).

Einn viðmælandinn talaði um þá fræðslu sem þjóðgarðarnir í Bandaríkjunum bjóða upp á. Hún hefði sjálf tekið þátt í fræðslu þar ásamt fjölskyldu sinni og var afar ánægð. Þar eru landverðirnir með fræðslu (e. education) fyrir þá sem koma inn í garðinn. Fræðslan er ýmist framkvæmd með leiðsögn eða án, en þá er búið að búa til afþreyingu sem ferðamennirnir geta farið á eigin vegum. Fræðslan er misjöfn á milli garða og er hún byggð á þeirri sérstöðu sem hver garður hefur. Á vefsíðu National Park Foundation (á.á.b) er að finna síðu þar sem hægt er að slá inn þann þjóðgarð sem þig langar til að heimsækja í Bandaríkjunum og sjá hvað er í boði á hverjum stað. Því miður er ekki svona einfalt fyrir ferðamanninn sem fer um Ísland og ætlar sér að finna upplýsingar á vefnum yfir það sem er í boði í þjóðgördunum hér á landi. Á það bæði við um erlenda sem og innlenda ferðamenn. Heimasíða Nordic Adventure Travel (NAT) (á.á.) heldur utan um upplýsingar um þjóðgarðana á Íslandi. Ef síðan er skoðuð og heimasíða hvers þjóðgarðs skoðuð fyrir sig þá eru upplýsingarnar ekki miklar. Á heimsíðu þjóðgarðanna er að finna sögulegar staðreyndir ásamt fróðleik um hvernig hægt sé að komast þangað sem og staðsetningahnit. Litlar upplýsingar eru um þá afþreyingu sem í boði er, en þær afþreyingar sem eru í boði eru aðallega í formi gönguferða.

Flestir ferðamenn sem heimsóttu Ísland sumarið 2016 voru frá Norður–Ameríku og voru það bæði Bandaríkjamenn sem og Kanadamenn. Meirihluti ferðamannanna voru á aldrinum 25 til 34 ára og tæplega 11% voru fjölskyldur með börn (Ferðamálastofa, á.á.b). Þegar rætt var um markhópa við viðmælendur rannsóknarinnar, hverjir það væru helst sem myndu taka þátt í útikennslu, þá töldu þeir að það væru lang líklegast fjölskyldur með börn og göngufólk. Einn viðmælenda kom inn á mjög áhugaverðan punkt og taldi að einstæðir foreldrar með börn væri vaxandi hópur ferðamanna. Eins og komið hefur fram þá eru 320 milljón börn, undir 18 ára aldri, í heiminum sem búa hjá einstæðum foreldrum (Chamie, 2018) og ekki margar ferðaskrifstofur sem bjóða upp á sérferðir fyrir einstæða foreldra með börn (Davies, 2017). Engar heimildir eru til um

að ferðapjónusta á Íslandi sérhæfi sig fyrir þennan hóp ferðamanna. Markaðsstofa Vesturlands sem og aðrar markaðsstofur á Íslandi bjóða upp á afþreyingu fyrir fjölskyldur með börn en að mati rannsakanda er sú afþreying frekar einsleit. Boðið er upp á hestaferðir, strandferðir, sundlaugaferðir og þess háttar. Hugmyndir viðmælenda um útikennslu fyrir ferðamenn og þá fjölskyldur með börn voru margvíslegar og gætu hentað vel. Einn viðmælandinn fór á flug og ræddi um þematengda útikennslu eða fræðslu fyrir ferðamennina. Tengdist þemað jólahátíðinni en líklegast er ekki mikil afþreying í boði fyrir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu í desember. Í þeim mánuði eru veður oft válynd og oft ófært út fyrir höfuðborgarsvæðið svo jólasveinapema innan höfuðborgarsvæðisins gæti vel gengið sem skemmtileg afþreying fyrir alla fjölskylduna. Aðrar hugmyndir tengdust meðal annars því að frá erlenda kennara til landsins, vera með útikennslunámskeið eða að fara út í náttúruna og finna grös og plöntur til þess að elda úr. Samkvæmt fyrirspurn Ragnheiðar á framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn innan höfuðborgarsvæðisins kom í ljós að það er ekki mikið í boði yfir miðjan daginn. Samræmist það því sem kemur fram í kafla 2.4 um ferðapjónustu en helsta framboð á afþreyingu fyrir ferðamanninn eru ferðir út á land.

Einn viðmælandinn benti á að nota ekki orðið „útikennsla“ þegar verið væri að selja hugmyndafræði útikennslu til ferðamanna. Þjóðgarðar í Bandaríkjunum nota orðið útimenntun (e. outdoor education) eða útikönnun (e. outdoor exploration) en að mati rannsakanda hljóma bæði orðin frekar óspennandi og gætu orsakað neikvæða upplifun. Í rannsókn þessari fékk rannsakandi ábendingu um að kanna menntunartengda ferðapjónustu. Þessi tegund ferðapjónustu er tiltölulega ný af nálinni og er hugmyndafræði hennar spennandi. Eins og fram kemur í köflunum þá tengist hún því að ferðast um og læra, með áherlsu á nám. Hugmyndafræði menntunartengdrar ferðapjónustu er ekkert ósvipuð hugmyndafræði útikennslu en Scott (2017) telur að það skemmtilega við að ferðast og læra sé að fara út fyrir kennslustofuna og komast út í öðruvísi umhverfi.

5.1 Tillögur, mikilvægi og takmarkanir

Margt áhugavert hefur komið fram í þessari rannsókn og margt þarf að rannsaka nánar. Eitt af því áhugaverða er að það er aldrei ein skilgreining yfir þau hugtök sem notuð eru í þessari rannsókn. Hugtakið útikennsla er margþætt og það sama á við um skilgreiningu á hugtökunum ferðapjónusta,

afþreying og menntunartengd ferðaþjónusta. Engin rannsókn, að vitund rannsakanda, hefur verið gerð á því hvort og hvernig hægt sé að nýta hugmyndafræði útikennslu í ferðaþjónustu. Einnig kom fram að lítið væri búið að kanna menntunartengda ferðaþjónustu. Áhugavert væri að búa til könnun sem lögð yrði fyrir ferðamenn, erlenda sem og innlenda, þar sem spurt væri hvort þeir myndu taka þátt í útikennslu, hvort orðið „útikennsla“ (e. outdoor teaching) væri fráhrindandi og jafnvel að búa til samkeppni um heppilegt orð sem myndi vera regnhlíf yfir hugmyndafræði útikennslunnar sem notuð yrði innan ferðaþjónustunnar. Stór hluti ferðamanna sem koma til landsins gista á tjaldsvæðum (Ferðamálastofa, á.á.b) og telur rannsakandi að íslenskum fjölskyldum sé einnig að fjölga þar svo tjaldsvæðin gætu verið heppilegur staður fyrir könnun sem þessa. Það væri mjög fróðlegt að gera rannsókn á einstæðum foreldrum með börn sem ferðamenn, hvort að afþreying tengd útikennslu henti þessum hópi, hvert er ferðamynstur þeirra og hvort það væri yfir höfuð markaður til þess að búa til sér afþreyingu fyrir hann. Í því samhengi væri áhugavert væri að skoða betur hvernig ferðir sem erlendar ferðaskrifstofur bjóða upp á fyrir einstæða foreldra með börn eru uppbyggðar og jafnframt að kanna hvort það sé markaður til þess að bjóða upp á svipaðar ferðir hér á landi. Til að fá góðar hugmyndir um útikennslu þá væri gott að ræða við leik- og grunnskólakennara sem kenna í skólum þar sem útikennsla er hluti af námsskránni. Gæta verður að því að útikennslan í þeim grunnskólum fari fram í hverri viku og að námsefnið sem kennt er, sé markvisst svo öruggt sé að það virki, þannig er hægt að nota það fyrir ferðamanninn. Áhugavert væri að safna saman hugmyndum þeirra, velja úr þær sem myndu henta ferðamönnum sem fara um Ísland og búa til heildstætt framboð í útikennslu fyrir ferðamenn. Hyggilegast væri samt að vera búin að kanna hug ferðamanna áður en ráðist yrði í þannig söfnun. Það sem telja mætti mikilvægast, væri að gera könnun hjá ferðamönnum sem fyrst svo hægt væri að byrja á verkefninu fyrir alvöru, að koma hugmyndafræði útikennslu inn í ferðaþjónustuna.

5.2 Hugmyndafræði útikennslu gagnvart ferðaþjónustu.

Í hugmyndafræði útikennslunnar er talað um tengingu við náttúruna, að hún sé reynslunám og að það sé krafa um að nota öll skynfærin sem maðurinn hefur yfir að búa (Gilbertson o.fl, 2006). Einnig er talað um að hún sé þróun líkamlegrar færni, hjálpi við að læra á mannleg tengsl og á vistfræði náttúrunnar (Gilbertson o.fl, 2006). Ferðamenn verða þátttakendur í náttúrunni, þeir læra að meta umhverfið betur, þeir læra að meta auðlindirnar í náttúrunni og að bera virðingu fyrir

náttúrunni og landinu. Hugmyndafræði ferðþjónustunnar er af allt öðrum toga. Skilgreiningin er allt önnur en ferðþjónusta er skilgreind sem „atvinnugrein sem felst í þjónustu við ferðamenn, gistihúsarekstri, leiðsögn, korta- og bókaútgáfu, minjagripaframleiðslu o.s.frv.“ (Íslensk orðabók, 2002). Með útikennslu kemst einstaklingurinn í tæri við náttúruna og allt sem henni fylgir. Hann er nær henni, að læra að tálga tré úti í skógi, úti í hrauni að skoða berglög eða hella eða í fjörinni að skoða og kynnst því sem finnst þar. Þegar kemur að ferðþjónustu þá er ferðamaðurinn meira í ferðum í hópbifreiðum sem keyra á milli staða og fara einungis út þegar stoppað er við vinsæla ferðamannastaði til þess að taka myndir. Það sem vantar í ferðþjónustuna er að búa til afþreyingu þannig að fólk hafi tök á því að fara í styttri ferðir, jafnvel innan höfuðborgarsvæðisins. Útikennsla væri góð hugmynd og þyrfti ekki að taka langan tíma. Með henni kemst ferðamaðurinn í tengsl við náttúruna, fræðist um hana og lærir eitthvað nýtt. Hugmyndafræði útikennslunnar á heima í ferðþjónustunni, það þarf einungis að taka af skarið og byrja undirbúningsvinnu til að koma henni á markaðinn.

Niðurstaðan er sú að útikennsla eins og hún er framkvæmd innan leik- og grunnskólanna á Íslandi á fyllilega heima í ferðþjónustu. Svarið við rannsóknarspurningunni: hvort og þá hvernig hægt sé að yfirfæra hugmyndafræði útikennslu yfir í ferðþjónustu er já, hægt er að yfirfæra hugmyndafræðina yfir í ferðþjónustu. Hugmyndafræði útikennslu er afþreying sem vantar inn í ferðþjónustuna og yrði framkvæmdin eins og áður hefur komið fram, að safna saman gögnum frá reyndum kennurum, að nýta það sem myndi henta ferðamönnum, útbúa gott útikennslusvæði á þeim stöðum sem útikennslan myndi fara fram, fara í markaðsherferð og byrja að kenna.

6. Lokaorð

Árið 1968 skrifuðu Donaldson og Donaldson,

“Outdoor education is education *in, about, and for* the outdoors. Its *raison d’etre* is that 20th-century people have removed themselves from the land—and both they and the land are worse off for it!” (Gilbertsson o.fl, 2006).

Í innganginu talaði ég um að ég að þegar útikennslan kom fyrst til tals innan skólakerfisins hefði ég ekki séð tilgang með henni, hún væri of mikil fyrirhöfn. Eftir að hafa kennt útikennslu í rúm tvö ár þá verð ég alltaf hrifnari og hrifnari af því að fara út og kenna. Það er jú smá fyrirhöfn og veðrið setur stundum strik í reikninginn en að mínu mati er ekkert til sem heitir slæmt veður aðeins lélegur fatnaður. Það sama á við þegar ég byrjaði í ferðamálanámi mínu fyrir tæpum þremur árum síðan, þá vissi ég ekki mikið um ferðaþjónustu en fannst spennandi að læra um hana. Ég er ennþá að fóta mig í báðum fræðum. Heimildaöflun við skrif þessarar ritgerðar hefur gert mig miklu fróðari, ég veit meira um útikennslu en ég gerði áður, ég veit hvernig hún er skilgreind og að það er engin ein skilgreiningin á henni. Ég veit meira um það hverjir heimsækja Ísland, hvar þeir gista þegar þeir eru hér á landi, hvað þeir eru að gera hér á landi og hvers vegna. Einnig veit ég meira um það hvað ferðaþjónustan gengur út á. Eins og með önnur hugtök sem tengjast þessari rannsókn þá er það hugtak margbrotið. Afþreyingin fyrir ferðamanninn hér á landi virðist vera frekar einsleit. Margir bjóða upp á hestaferðir, hægt er að fara í hvalaskoðun með nokkrum ferðaþjónustuaðilum og ferðir með hópþílum á vinsæla staði á landinu er vinsæl afþreying en þó er boðið upp á einstaka viðburði sem ekki er mikið framboð af eins og til dæmis draugagöngu um Reykjavík.

Menntunartengd ferðaþjónusta er ferðaþjónusta sem ég vissi ekki að væri til en þegar ég hugsa til baka þá hef ég sjálf farið í slíkar ferðir. Hluti af því að vinna í grunnskóla er að fara í svokallaðar skólaheimsóknir, hvort sem það er í eigin landi eða erlendis. Í þessum ferðum hefur maður lært ýmislegt og kynnst alls konar tegundum af kennslu. Síðast liðið vor fór skólinn sem ég kenni í til Glasgow. Eitt af því sem við kynntum okkar þar var jóga og hugleiðsla. Án þess að vita af því þá var ég þáttakandi í menntunartengdri ferðaþjónustu og það ekki í fyrsta sinn.

Viðtölin við viðmælendurna fjóra komu mér skemmtilega á óvart. Viðmælendur mínir töluðu um margt sem ég hafði ekki velt fyrir mér áður, eins og til dæmis, fræðslan sem fer fram í

Þjóðgörðunum í Bandaríkjunum. Ég vissi af henni og hafði lesið um hana en ekki tengt hana við íslensku þjóðgarðana. Einnig kom umræðan um einstæða foreldra með börn sem ferðamenn mér á óvart. Ég hafði aldrei spáð í þennan markhóp. Ég er sjálf einstæð með börn, er reyndar bara með einn sem er ennþá undir 18 ára aldri en aldrei hefur það hvarflað að mér að við einstæðu foreldrarnir værum sér markhópur.

Þegar öllu er á botninn er hvolft þá tel ég að það sé full ástæða til þess að færa hugmyndafræði útikennslu inn í ferðaþjónustu. Með því væri hægt að búa til afþreyingu fyrir ferðamenn, hvort sem það eru innlendir eða erlendir ferðamenn, vera með afþreyinguna innan höfuðborgarsvæðisins, á tjaldstæðum á landinu, í þjóðgörðum eða bara hvar sem hægt er að koma henni fyrir. Eins og einn viðmælandi minn orðaði það þegar rætt var um hvar hægt væri að vera með útikennslu „það fer eftir viðfangsefninu sem þig langar til að fólkið tileinki sér“.

7. Heimildir

- Abubakar, A.M., Schneikat, B.H.T. og Oday, A. (2014). Motivational factors for educational tourism: A case study in Northern Cyprus. *Tourism Management Perspectives*, 11. 58-62.
<https://doi.org/10.1016/j.tmp.2014.04.002>
- Auer, M.R. (2008). Sensor Perception, Rationalism and Outdoor Environmental Education. *International Research in Geographical and Environmental Education*, 17(1), 6-12.
<https://doi.org/10.2167/irgee225.0>
- Bairathi, R. (2015). *What is educational tourism?* Sótt 23. apríl 2018 af
<https://www.quora.com/What-is-educational-tourism>
- Brendtro, L.K og Strother, M.A. (2007). Back to Basics Through Challenge and Adventure. *Reclaiming Children and Youth*, 16(1), 2-6.
- Chamie, J. (2018). 320 Million Children in Single-Parent Families. *Inter Press Service. News Agency*. Sótt 12. apríl 2018 af <http://www.ipsnews.net/2016/10/320-million-children-in-single-parent-families/>
- Davies, R. (2017). Guilt, stress and getting ripped off: the truth about holidays as a lone parent. *The Telegraph*. Sótt 12. apríl 2018 af <https://www.telegraph.co.uk/travel/family-holidays/challenge-of-family-holidays-for-a-single-parent/>
- Ferðamálastofa. (á.á.a). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. Sótt 15. apríl 2018 af
<https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>
- Ferðamálastofa. (á.á.b). *Foreign Visitors in Iceland, results from Iceland Tourist Board Survey*. Sótt 8. apríl 2018 af <http://maskina.is/maelabord/fms/>
- Gilbertsson, K., Bates, T., McLaughlin, T. og Ewert, A. (2006). *Outdoor Education: methods and strategies*. Champaign, IL: Human Kinetics.
- Gross, A.C., Poor, J., Sipos, Z. og Solymossy, E. (2009). The multiple mandates of national park systems. *Place Branding and Public Diplomacy*, 5(4) 276-289. Sótt 31. mars 2018 af
https://search.proquest.com/docview/232106779?rfr_id=info%3Axri%2Fsid%3Aprimo
- Íslensk orðabók. (2002). Mörður Árnason (ritstjóri), (3. Útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda.

- Jón Gunnar Bernburg. (2005). Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?
Vísindavefurinn. Sótt 20. mars 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>
- Lune, H. og Berg, B.L. (2017). *Qualitative Research Methods for the Social Sciences*. Essex: Person Education Limited.
- Markaðsstofa Vesturlands. (á.á.). *Topp 15 Vesturland fyrir börn*. Sótt 24. apríl 2018 af <https://www.west.is/is/afthreying/10-born>
- McCormick, C. (2017). *Remembering the wild: Bringing nature into the everyday*. Wild Melbourne. Sótt 15. apríl 2018 af <http://wildmelbourne.org/articles/remembering-the-wild-bringing-nature-into-the-everyday>
- McGladdery, C.A. og Lubbe, B.A. (2017). International educational tourism: Does it foster global learning? A survey of South African high school learners. *Tourism Management*, 62, 292-301. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2017.05.004>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Menntamálaráðuneyti. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla – náttúrufræði*. Reykjavík. Menntamálaráðuneyti.
- Nanna Guðmundsdóttir. (2016). „*Það er eitthvað mjög spes við bókasöfn.*“ *Eigindleg rannsókn á viðhorfum karlmannna til almenningsbókasafna*. Sótt 14. febrúar 2018 af <http://hdl.handle.net/1946/23555>
- National Park Foundation (á.á.b). *All National Parks*. Sótt 17. apríl 2018 af <https://www.nationalparks.org/explore-parks/all-parks>
- National Park Foundation. (á.á.a). *Engagnig Students to Connect Science and Nature*. Sótt 15. apríl 2018 af <https://www.nationalparks.org/our-work/programs/rocky-mountain-science-and-nature>
- National Park Service. (á.á.). *Annual Visitation Highlights*. Sótt 15. apríl 2018 af <https://www.nps.gov/subjects/socialscience/annual-visitation-highlights.htm>
- Odberg, A. (2010). Almennar kennslustundir-Útikennsla. Í Gígja Gunnarsdóttir (ritstjóri), *Virkni í skólastarfi. Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla* (bls. 59-71). Reykjavík: Lýðheislustöð. Sótt 28. mars 2018 af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item12214/Handbok=um=hreyfingu_net_Kafli05.pdf

- Outdoor teaching. (2015). *The future pedagogy – open the door and go out*. Sótt 13. apríl 2018 af <http://www.outdoorteaching.com/en/>
- Ómar Þór Óskarsson. (2014). *Frumkvöðlar í ferðaþjónustu á Íslandi 1872-1936*. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið. <http://hdl.handle.net/1946/18025>
- Pétur Rafnsson. (2004). *Afþreying í ferðaþjónustu*. Sótt 16. apríl 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefing-efni/afthreying/afthreying-i-ferdathjonustu>
- Reykjavík Haunted Walk. (á. á.). *The Original Haunted Walk of Reykjavík*. Sótt 17. Apríl 2018 af <http://www.hauntedwalk.is/>
- Samgönguráðuneytið. (1996). *Stefnumótun í ferðamálum*. Sótt 12. apríl 2018 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefing-efni/stefnumotun-og-skipulag/hugtok-og-skilgreiningar>
- Scott. S. (2017). Educational Tourism is the Best Way to Learn about a Different Culture. *Journal of Tourism and Hospitality*, 6, 269. doi: 10.4172/2167-0269.1000269
- Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri.). (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Skógrækt ríkisins. (á.á.). *Lesið í skóginn*. Sótt 16. Apríl 2018 af <http://www.skogur.is/utgafa-og-fraedsla/lesid-i-skoginn/>
- Statistic How To. (2018). *Grounded Theory: Simple Definition and examples*. Sótt 14. febrúar 2018 af <http://www.statisticshowto.com/grounded-theory/>
- Wong, D. og Higgins, C.L. (2010). Park Rangers as Public Health Educators: The Public Health in the Parks Grants Initiative. *American journal of public health*. 100. 1370-3. Sótt 13. apríl 2018 af <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2901303/>
- Yellowstone. (2018). *Free Yellowstone Trip Planner*. Sótt 2. apríl 2018 af <https://www.yellowstonepark.com/travel-guides/yellowstone-trip-planner>

Munnlegar heimildir

- Hildur Björg Jónsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018.
- Hrafnhildur Sigurðardóttir, munnleg heimild, 9. febrúar 2018
- Mirjam de Waard, munnleg heimild, 8. febrúar 2018.
- Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir, munnleg heimild, 8. febrúar 2018.

8. Viðauki 1

Spurningar fyrir viðtöl við rannsóknina á því „hvort, og þá hvernig, hægt sé að yfirfæra hugmyndafræði útikennslu yfir í ferðaþjónustu?“

Spurningarnar voru hálf – opnar og voru fleiri spurningar spurðar eftir því sem við átti.

1. Tókst þú einhvern tíman þátt í útikennslu þegar þú varst í grunnskóla? Ef já – hvernig var upplifunin?
2. Hefur þú tekið þátt í útikennslu sem fullorðin? Ef já – hvernig fannst þér? Hvernig var upplifunin?
3. Hvað finnst þér skemmtilegast við útikennsluna? – hver er uppáhaldsþátturinn í útikennslu?
4. Heldur þú að útikennslan sé fyrir alla? Ef já – af hverju?, ef nei – af hverju ekki?
5. Hvar getum við „framkvæmt“ með útikennslu?
6. Heldur þú að hugmyndafræði útikennslu myndi henta ferðamönnum?
7. Heldurðu að ferðamenn myndu taka þátt í útikennslu?
8. Hvaða „tegund“ af ferðamönnum heldur þú að myndu taka þátt? Hver er markhópurinn?
9. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

